

## Íslenska 1.bekkur

Hæfnisviðmiðum í íslensku er skipt í eftirtalda flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

### Talað mál, hlustun og áhorf

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi,
- hlusti á fyrirmæli og fari eftir þeim,
- fái tækifæri til að tjá sig munnlega á skýru og góðu máli,
- skoði myndir og tjái sig um þær,
- fái tækifæri til að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrri máli sínu,
- fái að hlusta á sögur, ljóð, leikrit og upplestur,
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng.

### Lestur og bókmenntir

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- lesi 40-80 atkvæði á mínútu að vori,
- þekki alla bókstafi og hljóð þeirra,
- auki orðaforða sinn,
- fái tækifæri til að velja sér lesefni eftir áhuga og þörfum sem hæfir lestrargetu,
- kynnist rími,
- læri og fari með einfaldar vísur og ljóð,
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni,
- fái kynningu á ævintýrum,
- þekki hugtakið persóna og geti fundið hana í lestexta/hlustun,
- tengi þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,
- kynnist almennings bókasafni/skólasafni og þeim reglum sem þar eru í gildi,
- þjálfist í að ræða um þær bækur sem hann hefur hlustað á.

### Ritun

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- læri að draga rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega,
- temji sér rétt grip á skriffærum,
- þjálfist í gróf- og fínhreyfingum,
- þjálfist í að skrifa orð eftir upplestri út frá heimalestri,
- vinni með aðalpersónu á fjölbreyttan hátt,
- kynnist uppbyggingu texta, s.s. upphaf, meginmál og niðurlag.

## Málfræði

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti beytt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,
- þekki og geti fundið helstu einingar málsins s.s. bókstafi, hljóð og orð,
- leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

### Kennsluhættir

Lagt er upp með fjölbreytta kennsluhætti þegar kennsla 1. bekkjar hefst. Námið fer að miklu leyti fram í gegnum leik. Kennarinn nýtir innlagnir fyrir bekkinn. Einnig er unnið í smærri hópum að fjölbreyttum verkefnum þar sem allir fá að njóta sín, miðla að þekkingu sinni, reynslu og skapandi hugsun.

Lögð eru fyrir skimunarprófið Læsi tvisvar á skólaári og niðurstöður nýttar í kennslu.

### Námsmat

Kennari nýtir sér námsmatskvarða við mat á nemendum. Námsmatskvarðinn er símatskvarði sem kennari vinnur jafnóðum yfir skólaárið. Kvarðinn eru unnin út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá Grunnskóla.

Lestrarpróf eru lögð fyrir reglulega yfir skólaárið og fært inn í skjal þar sem haldið er utan um öll lestrarpróf nemenda í gegnum allan grunnskólann.

Að vori fá nemendur vitnisburð, í honum er nemendur gefin einkunn með bókstöfunum:

P = 0% - 49% Þarfnast frekari þjálfunar

N = 50% - 74% Er á réttri leið

G = 75% - 100% Getur vel